

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2022****2022/EES/61/36****frá 29. apríl 2022****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2146 frá 3. desember 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir N,N-dítýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2148 frá 3. desember 2021 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Oxybio í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1839) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzq. **32021 D 2146:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2146 frá 3. desember 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir N,N-dítýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 (Stjtið. ESB L 433, 6.12.2021, bls. 23).

12zzzzzzr. **32021 D 2148:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2148 frá 3. desember 2021 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Oxybio í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 434, 6.12.2021, bls. 1.)“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2021/2146 og (ESB) 2021/2148, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 433, 6.12.2021, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 434, 6.12.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.